

Alþingi
Erindi nr. P 137/43
komudagur 2.6.2009

Minnisblað

Til: Efnahags- og skattanefndar Alþingis

Frá: Fjármálaráðuneytinu

Dagsetning: 2. júní 2009

Ráðuneytið hefur fengið í hendur skriflegar umsagnir til efnahags- og skattanefndar Alþingis um frumvarp til laga um stofnun eignaumsýslufélags. Ráðuneytið sér ekki ástæðu til þess að gefa álit sitt á hverri athugasemd fyrir sig, enda flestar jákvæðar gagnvart þeirri nálgun sem lagt er upp með í frumvarpinu, en vísar til minnisblaða sem það tók saman á síðasta þingi, t.d. vegna greinargerðar Jóns G. Jónssonar.

Varðandi athugasemdir Mats Josefssons, sem dreift var til nefndarmanna, vill ráðuneytið taka fram að tekið hefur verið sérstakt tillit til þeirra enda voru þær gerðar við eldri útgáfu frumvarpsins sem lögð var fram á síðasta þingi. Í því sambandi skal fyrst og fremst bent á breytingar á 1. og 2. gr. frumvarpsins frá síðasta þingi sem varða aðstoð við fjármálafyrirtæki.

Aðrar breytingar sem Mats Josefsson leggur til og ráðuneytið tók ekki mið af – m.a. til þess að reyna að ná breiðri sátt um frumvarpið – miða allar að því að gefa fjármálaráðuneytinu frjálsari hendur um uppsetningu, skipulag og starfsaðferðir eignaumsýslufélagsins en frumvarpið í núverandi mynd gerir, án þess að breyta inntaki þess. Ráðuneytið telur því að öllum markmiðum sem Mats Josefsson vill ná fram verði náð með þeirri nálgun sem lagt er upp með í frumvarpi ráðherra. Ráðuneytið mun þó ekki leggjast gegn því ef Alþingi ákveður að gera slíkar breytingar.

Þá vill ráðuneytið benda á að Mats Josefsson leggur til að eignarhaldsfélag fari með hlutinn í félaginu en í frumvarpi ráðherra er gert ráð fyrir því að það geti verið hvort tveggja, eignarhaldsfélag eða ráðuneytið sjálft. Samkvæmt umsögnum til nefndarinnar leggjast t.d. bæði Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið gegn því að eignarhaldsfélag fari með hlutinn og því telur ráðuneytið best að hafa þetta opið eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Fjármálaráðuneytið leggst ekki gegn því að skilgreining frumvarpsins á því hvað teljist þjóðhagslega mikilvægt fyrirtæki verði víkkuð út þannig að efnahagslega mikilvæg fyrirtæki féllu þar undir. Ef aftur á móti alfarið verður hætt við að skilgreina í frumvarpinu hvað teljist þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki mun það að sjálfsögðu hafa áhrif á aðrar greinar frumvarpsins og líklega á afstöðu ýmissa umsagnaraðila, svo sem aðila vinnumarkaðarins.

Fjármálaráðuneytið vill að lokum geta þess að sérfræðingar þess hafa farið ítarlega yfir frumvarpið, eftir að það var lagt fram á Alþingi, með fulltrúum sendinefndar Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins sem voru hér á dögnum. Voru þeir sáttir við nálgunina í frumvarpinu og töldu að hún styddi við þau markmið sem unnið er eftir við endurreisn efnahagslífsins.

25. mars 2009

Viðtakandi: Efnahags- og skattanefnd
Frá: Fjármálaráðuneyti

Efn: Beiðni nefndarinnar um afstöðu fulltrúa ráðuneytisins við drögum að frumvarpi frá Jóni Gunnari Jónssyni

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi því sem fjármálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi og minnisblaði sem lagt var fyrir efnahags- og skattanefnd hinn 24. mars þá er grundvöllur að þeirri nálgun sem lögð er til af ráðuneytinu sú skipting sem átti sér stað með neyðarlögunum nr. 125/2008. Með þeim lögum voru flestar eignir gömlu bankanna, þ.m.t. lánasöfn, sem snéru að íslenskum fyrirtækjum færðar yfir í nýju bankanna. Jón G. Jónsson leggur aftur á móti upp með þá nálgun að lánin verði að mestu í gömlu bönkunum og að nýju bankarnir þurfi á sérstakri aðstoð ríkisins að halda umfram það eiginfjárframlag sem þegar hefur verið ákveðið að leggja til þeirra.

Rétt er í byrjun að fara örstuttum orðum yfir þá vinnu sem nú á sér stað vegna yfirfærslu á lánasöfnum bankanna á grundvelli neyðarlaganna. Óháð ráðgjafarfyrirtæki, Deloitte í London, hefur verið fengið til að leggja mat á verðmæti þeirra og mun það liggja fyrir í apríl. Að því loknu mun ráðgjafarfyrirtækið Oliver Wyman yfirfara verðmætið og aðferðir Deloitte og mun niðurstaða vinnu ráðgjafarfyrirtækjanna síðan verða lögð til grundvallar í samningaviðræðum við skilanefndir gömlu bankanna um kaupverð lánasafnanna.

Verðmæti skulda einstakra atvinnufyrirtækja eða atvinnugreina milli nýju og gömlu bankanna mun byggjast á hlutlægu mati á raunverulegum heimtum nýju bankanna af umræddum lánnum (e. fair value). Ljóst er að í því felst að verðmat á skuldum margra atvinnufyrirtækja eða atvinnugreina mun verða metið svo að veruleg hætta er talin á greiðslufalli. Ef sú hætta er talin mikil er verðmæti lánasafnsins afskrifað sem því nemur. Þannig kunna lánasöfn einstakra fyrirtækja eða atvinnugreina sem þegar hafa verið flutt til nýju bankanna verða metin t.d. á 10-20% af bókfærðu verði þeirra eins og það er skráð í gömlu bönkunum. Þetta þýðir með öðrum orðum að þó allar skuldir tiltekins fyrirtækis hafi verið fluttar úr gamla bankanum yfir í þann nýja mun nýi bankinn einungis greiða 10-20% af upphaflegu verðmæti þeirra til gamla bankans. Með þessu gefst nýja bankanum svigrúm til þess að leysa úr vanda fyrirtækisins með hagsmun bankans og fyrirtækisins að leiðarljósi án þess að tap myndist í reikningum nýja bankans.

Eins og fram kemur í frumvarpinu og minnisblaði fjármálaráðuneytisins til efnahags- og skattanefndar frá 24. mars er veigamikill munur á aðstæðum hérlendis vegna setningu neyðarlaganna og þeirra aðstæðna sem verið hafa uppi í öðrum löndum sem farið hafa þá leið að stofna eignaumsýslufélög til að kaupa eignir af bönkum í vandræðum. Þau hafa þannig keypt óafskrifaðar kröfur úr bönkunum á niðursettu verði og reyna að innheimta þær. Slík kaup á lélegum kröfum hafa jafnframt bætt efnahagsreikning bankanna. Þetta var er í raun svipað og gert er hérlendis með neyðarlögunum, þannig að ekki er að mati ráðuneytisins nein þörf á því að færa hinar afskrifuðu eignir á ný yfir til eignaumsýslufélags að erlendri fyrirmynd. Þar sem lánin hafa þegar verið afskrifuð með færslu þeirra yfir í nýju bankanna með neyðarlögunum eykur það verulega þá möguleika sem nýju bankarnir hafa til að koma til móts við einstök atvinnufyrirtæki með fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra án þess að ganga á eigin fjárhag. Sé á ný horft til framangreinds dæmis hefur nýi bankinn í því tilviki svigrúm til að semja eða afskrifa skuldir við

hlutaðeigandi fyrirtæki um fjárhæð sem nemur 80-90% af heildarskuldum aðilans án þess að bankinn tapi eigin fjármunum. Þetta mun leiða til þess að bankarnir munu hafa bæði svigrúm og hagsmuni af því að reyna að koma atvinnufyrirtækjunum sem fyrst á legg.

Sú tillaga að frumvarpi sem ráðuneytið fékk til umsagnar frá nefndinni virðist því byggja á misskilningi varðandi þá aðferðarfræði sem neyðarlögin lögfestu. Þar er ranglega gengið út frá því að kaupa eigi kröfur af bönkum þrátt fyrir að þær hafi þegar verið fluttar yfir í nýju bankanna, að bankarnir eigi í erfiðleikum með að fá fyrirgreiðslu í Seðlabanka og að stærstur hluti lána íslenskra fyrirtækja sé skilinn eftir í gömlu bönkunum. Í frumvarpsdrögum er jafnframt gert ráð fyrir fyrirtækið sjái um sölu eigna fyrir banka og skilanevndir sem er allt annar veruleiki en sá sem unnið er eftir í dag.

Það er ekki markmið fjármálaráðherra með frumvarpinu að stofna nýja banka á þeim nótum sem Jóns leggur til og telur ráðuneytið að hans hugmyndir gangi ekki upp nema gerðar verði meiriháttar breytingar á þeirri vinnu sem þegar er í gangi við endurreisn bankakerfisins. Þess vegna verður ekki farið í það hér að leggja til breytingar við einstakar greinar í frumvarpsdrögum hans heldur teljum við að frumvarpið eins og það kemur frá ráðuneytinu, hugsanlega með smávægilegum breytingum í línu við þær sem komu frá Samkeppniseftirlitinu og Kauphöllin nái best þeim markmiðum sem að er stefnt.